



Hjálparveitin .. DALBJÖRG

1. tbl. 12. árg. • Desember 2012



Gledilegt ár!

Leiðari

Er ég sest niður og rita þessi orð er mér ofarlega í huga það fórnfúsa starf sem félagar í björgunarsveitum um allt land sinna á ári hverju og hversu einstakt það sé að það sé til svo öflugur félagsskapur manna og kvenna sem kasta öllu frá sér og stökkva af stað þegar kallið kemur. Ég hef starfað með minni sveit frá árinu 2001 og á þessum árum hefur maður haldið í allmörg skipti út í myrkrið og hriðarbylinn til leitar að einhverjum týndum eða slösuðum. Það er mikil samstaða sem myndast á slíkri stund er björgunarfólk sameinast um það eitt að finna viðkomandi og koma honum heim heilu og höldnu.

En okkar öflugu samtök væru samt ekki til nema fyrir velvilja fólksins í landinu, sem styður ötullega við bakið á björgunarsveitum, t.d. með kaupum á flugeldum. Fyrir Hjálparsveitina Dalbjörg hefur sú sala verið máttarstólpi í gegnum árin. Án hennar hefði sveitin ekki náð að vaxa og dafna og félagar í sveitinni hefðu þannig haft takmörkuð tækifæri til að bæta við sig þeirri

menntun sem ætlast er til að menn hafi sem fullgildir félagar. Fyrir þennan stuðning er ég mjög þakklátur.

Árið er búið að vera viðburðaríkt hjá okkur, en sér í lagi hefur haustið verið annasamt. Útköll vegna sauðfjárleitar á Þeistareykjasvæðinu, Mývatni og í Bárðardal reyndust okkur mjög stór verkefni, en félagar sveitarinnar skiluðu yfir 500 vinnustundum á þessum tíma. Það reyndi einnig mikið á tæki sveitarinnar, en þau voru ekin um 3200 km í tengslum við þessi verkefni. Einnig gerði vonskuveður um allt land í byrjun nóvember. Björgunarsveitarbíll frá okkur var á ferðinni um sveitina á meðan veðrið gekk yfir og sinntu félagar allmörgum aðstoðarbeiðnum.

Sjö félagar Dalbjargar tóku þátt í hálandisgæslu frá 20. til 27. júlí og sveitin hélt einnig samæfingu fyrir allar björgunarsveitir í Eyjafirði þann 27. október. Þar fyrir utan eru fjölmörg útköll og aðstoðarbeiðni sem sveitin hefur sinnt á árinu ásamt öðrum venjubundnum verkefnum okkar sem hægt



Haraldur Þór Óskarsson.

er að fræðast um í þessu nýjasta blaði okkar Dalbjargarmanna.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka félögum mínum í Dalbjörg fyrir það gríðarlega mikla og óeingingjarna starf á árinu sem nú er að líða því án þess væri sveitin ekki jafn öflug og raun ber vitni. Félögum mínum og landsmönnum öllum óska ég gleðilegs nýs árs með þökk fyrir það gamla.

*Haraldur Þór Óskarsson
formaður Dalbjargar*

Gleðilegt ári

Óskum öllum farsældar á komandi ári.

SJÓVÁ



*Gleðileg jól
Farsælt komandi ár*



Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA

Unglingadeild Dalbjargar

Síðastliðið haust var okkur í tíunda bekk í Hrafnagilsskóla boðið að starfa með í unglingsdeildinni Böngsum á veg-um Hjálparveitarinnar Dalbjargar. Við vorum boðið á fund í Bangsabúð þar sem umsjónarmenn unglingsdeilda tóku á móti okkur og kynntu fyrir okkur starfið. Við undirrituð mættum ásamt fleirum og höfðum gaman af.

Í kjölfarið voru fundir mánaðarlega og á þeim var okkur t.d. kennt á áttavita, að lesa kort og hvernig leita á að manneskju. Það sem okkur finnst vera eftirminnlegast er þegar við heim-sóttum unglingsdeildina Dasar á Dalvík, en um tólf krakkar fóru með í þá ferð. Þar var okkur boðið að vera með í þeirra starfi eina kvöldstund. Okkur var skipt niður í hópa með krökk-



Fjör við undirbúning samæfingar.



Undirbúningur og förðun sjúklinga fyrir samæfingu í október.

unum í unglingsdeildinni á Dalvík og hópunum var skipt niður á stöðvar þar sem voru fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Við fórum í stutta jeppaferð í hlíðum Böggvisstaðafjalls, prófuðum sig í skemmum þeirra, fórum á slöngubát, böruburðarkeppni og fleira. Flestir töluðu um að skemmtilegast var að prófa slöngubát en líklega er það vegna þess að það var nýtt fyrir okkur.

Við hefðum alveg verið til í það að byrja fyrr í unglingsdeildinni og starfa með henni lengur. Það er bæði lærdómsríkt og gríðarlega skemmtilegt.

*Eydis Sigurgeirsdóttir
og Ólafur Ingi Sigurðsson*



Sendum Eyfirðingum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Starfsfólk Norðurorku

Es. farið varlega með flugelda og blýs um áramótin


NORÐURORKA



VIÐ ÓSKUM DALBJÖRG
TIL HAMINGJU MEÐ NÝJU
ARCTIC CAT SNO PRO 800
VÉLSLEÐANA



MOTUL
Á ÍSLANDI

Hágæða olíur fyrir kröfuharða
MOTUL SNO POWER



© Júlí Kallinn

Sleðamenn á fjöllum.

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár

 **VÉLFANG**
www.velfang.is

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár

 **VÉLSMÍDJAN ÁSVERK**

B. HREIÐARSSON
VERKTAKAR

Ekki vandamál!

Hreinsiefni fyrir fjós

12760-28KG

CIP ALKA 60

Cip Alka 60 er afar öflugt efni til kerfishreinsunar á mjaltakerfum, mjólkurtönkum og í öllum öðrum mjólkuriðnaði.



SWST-01-09

SWST-01-03

SÓTTHREINSITÖFLUR SAGEWASH

Bytling í sótthreinsun, efnið er hlutlaust og einstaklega þægilegt í notkun. Leitaðu til söluanna eftir nánari upplýsingum.



Búvís
Akureyri

Grimseyjargata 1 - Sími 4651332 - www.buvis.is



Útköll og aðstoð

28. desember 2011

Útkall í Reykárhverfi vegna vatnstjóns innandyra í íbúðarhúsi. Björgunarmenn hjálpuðu til við að forða búslóð íbúanna út úr húsinu og rifu einnig parket af gólfum.

30. desember 2011

Farið var bæði á vélsleðum og jeppum sveitarinnar inn á Kvarnárdal og Djúpadal til þess að ná kindum sem bændur höfðu séð til. Sjö kindur voru sóttar og þeim komið til byggða.

11. janúar

Hlynur og Ingi fóru á báðum jeppum sveitarinnar til að aðstoða við að ná hestum sem voru inni á Sölvadal. Hestarnir héldu til hjá Hrauná og gekk vel að reka þá heim.

12. janúar

Farið var í leiðangur inn á Sölvadal til aðstoðar bændum við að ná nokkrum kindum. Ferðin gekk vel og kindunum var komið til byggða.

18. janúar

Um kl. 16 þennan dag var óskað eftir aðstoð Dalbjargar við að ná bíl upp úr gili við Eyvindarstaði. Þetta var stór amerískur pallbíll og vel gekk að spila hann upp úr gili.

6. febrúar

Hjálparveitin Dalbjörg og Súlur, björgunarsveitin á Akureyri voru kallaðar út rétt fyrir kl. 11 vegna slasaðs göngumanns á hálendinu, en talið var að hann væri úlnliðsbrotinn. Tveir bílar frá Dal-



Kindum bjargað í hús í einu útkallanna í september.

björg og 5 vélsleðar frá Súlum lögðu af stað á slystað, en maðurinn var staddur við Vegamótavatn austan Hofsjökuls. Aðstoðin var afturkölluð um kl. 13 þar sem þyrla Landhelgisgæslunnar hafði fundið manninn, en björgunarlið var þá komið inn fyrir Bergland.

18. mars

Björgunarsveitir við Eyjafjörð voru kallaðar út þennan dag vegna slasaðs vélsleðamanns á Flateyjardal. Dalbjörg var kölluð út kl. 16:30 og sendi þrjú menn á sleðum og báða jeppana með sex



Verðmætabjörgun í Hrafnagilshverfi.

manns innanborðs að Þverá í Dalsmynni. Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-Gná kom í Heiðarhús þar sem maðurinn var staddur á sjötta tímanum og flutti hann til Akureyrar.

2. ágúst

Útkall barst til Dalbjargarmanna vegna leitar í Þorvaldsdal og fóru tveir félagar af stað, en það var afturkallað áður en komið var á staðinn. Einnig var viðbúnaðarstig á svæði 11 vegna bátsstrands við Húsavík.

3. ágúst

Ingi fór á Cruiser með mótrolíu á hjól sem hafði lent ofan í Bergvatnsskvísl, en þar voru tveir Spánverjar á ferð. Málum var snarlega bjargað og mennirnir komust leiðar sinnar.

24. ágúst

Ingi og Kristján fóru með olíu á Ford-bíl sem var staddur suður undir Laugarfelli.

*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

 **STRAUMRÁS hf.**



Kindaleit.

27. ágúst

Ingi fór og skipti um dekk á bílaleigubíl sem var stopp við Hólsgerði.

29. ágúst

Ingi og Guðmundur fóru með bensín til móts við erlenda ferðamenn sem voru á leið niður Eyjafjarðardalinn.

1. september

Hlynur sótti slasaðan gangnamann í Ánastaði. Stúlka hafði meitt sig á hendi, en vel gekk að koma henni til byggða.

5. september

Um kl. 17 fóru fimm félagar Dalbjargar í útkall til hjálpar slösuðum göngumanni sem talið var að væri á Styttungi, leið á milli Sprengisands og Laugarfells. Maðurinn hafði gefið upp GPS punkt og því talið að hann væri á þessu svæði. Þegar björgunarmenn voru komnir langt áleiðis kom í ljós að maðurinn hafði stillt tækið öðruvísi en vant er, svo staðsetning hans var önnur en talið var í upp-

hafi. Félagar frá Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri, fóru til leitar ofan við Kjarnaskóg og fundu manninn síðar um daginn.

11. september

Sjö félagar Dalbjargar fóru í útkall í leit að kindum í Mývatnssveit þennan dag vegna mikils fannfergis á svæðinu. Farið var á sleðum og á Dalbjörg 2 og unnið var fram í myrkur við að grafa upp fé.

12. september

Þrjú jeppar ásamt þremur sleðum, vörubíll með snjóbilinn og Hiace lögðu af stað snemma á miðvikudagsmorgni austur á Þeistareykjasvæðið í leit að kindum. Það voru 11 manns frá Dalbjörg sem unnu fram í myrkur við að grafa upp, finna og ferja kindur á svæðinu.

13. september

Níu manns unnu við leit að kindum þennan dag á Þeistareykjasvæðinu.

15. september

Sex manns fóru á Dalbjörg 1 og þremur sleðum til leitar að kindum í Bárðardal og var unnið fram í myrkur.

31. október

Sveitir á svæði 11 voru kallaðar út vegna týnds gangnamanns á Þorljótsstaðafjalli í Vesturdal í Skagafirði, en vonskuveður var á svæðinu og sveitir á svæði 10

höfðu verið við leit að manningum um daginn. Þegar níu manns frá Dalbjörg voru að leggja af stað á jeppum og sleðum sveitarinnar fannst maðurinn heill á húfi.

1. nóvember

Nokkrar aðstoðarbeiðnir bárust þennan dag vegna veðurs og mikils fannfergis á svæðinu. Tveir menn fóru á jeppa til að ná kind sem vitað var um í Hörgárdal, hún fannst og var flutt heim að bæ. Aðstoðarbeiðni barst til Inga í Ártúni frá lögreglu vegna fólks sem ekið hafði út af veginum í Eyjafjarðarsveit og fór hann þegar til hjálpar á Dalbjörg 1. Á leiðinni til baka kom hann öðru fólki til aðstoðar sem hafði fest bíl sinn. Einnig var óskað eftir Dalbjörg 1 upp í hesthúsahverfi á Akureyri til aðstoðar öku- mönnum.



Rekstur á Þeistareykjasvæðinu.

2. nóvember

Fleiri aðstoðarbeiðnir bárust þennan dag þar sem enn var slæmt veður og mikill snjór á vegum. Farið var í Brúna- hliðarhverfi til aðstoðar vegfarendum og einnig upp í Sölvadal til aðstoðar ábúendum þar. Mannskapur frá Dalbjörg vann fram á nótt við að draga upp bíla og koma fólki til síns heima.

3. nóvember

Verkefnum vegna veðursins var sinnt áfram þennan dag, fólki var komið til síns heima og einnig var viðgerðar- mönnum Símans komið fram í Sámsstaði vegna bilunar á Tetrakerfinu.



Kindum komið til byggða.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

G. HJÁL MARSSON HF
AKUREYRI



Hvers vegna vil ég fóður frá Bústólpa?

Hágæða fiskimjöl - Lífrænt Selen - réttu vítamínin og steinefnin - gæða hráefni - gott bragð



Svarið við því er einfalt. Það er hátt innihald af **hágæða fiskimjöli**. Það er ekki bara gott heldur er ég viss um að ég geti framleitt meiri og betri mjólk.

Hvaðan haldið þið annars að **omega fitusýrurnar** í mjólkinni minni komi? ... Nei ég bara spyr. Það er nefnilega engin tilviljun að íslenska mjólkinn er af mörgum talin betri en í nágrennalöndum okkar.

Svo fæ ég nákvæmlega þau vítamín og steinefni sem ég þarf á að halda úr Bústólpafoðrinu og nóg af **lífrænu Seleni**.

Veistu að svo er ég líka íslensk og vil fá íslenskt fóður.



Oddeyrtanga, 600 Akureyri — sími 460 3350 — www.bustolpi.is — bustolpi@bustolpi.is



- ♦ Malbikun
- ♦ Kranabílar
- ♦ Vinnulyftur
- ♦ Vegheflar
- ♦ Gröfur
- ♦ Snjómokstur o.fl.



Sími

896 5332

895 3883 · Fax 462 4460

Óseyri 8 · 600 Akureyri · malbikun@simnet.is

Fljótandi malbik

Gussasphalt

Frábær lausn fyrir
mjaltabása,
mjólkurhús
og margt fleira



Eftirminnileg jól

Aðfangadagskvöld árið 1987 var eins og flest önnur aðfangadagskvöld. Bændur fóru heldur fyrr til verka en vanalega til þess að eiga náðugt kvöld í faðmi fjölskyldunnar, veðurfar var búið að vera fremur stírt með miklu frosti síðustu daga og það gekk á með éljum og renningi þegar leið á aðfangadag. Allt hafði sinn vanagang; jólamatur, pakkar og kort. Þegar leið á kvöldið fór ég út að sópa að kúm og ganga frá í fjósinu. Þegar ég kem inn um kl. 22 segir móðir mín mér að bóndinn á Tjörnum hafi verið í símanum og sagt sér að fjósið þar væri að brenna. Ég rýk í símann og hringi í Torfufell og það kom í ljós þegar litið var út að mikinn eldsbjarma var að sjá frá Tjörnum. Í minningunni held ég að ég hafi gengið úr skugga um að búið væri að hringja á slökkviliðið áður en ég tók mig til og rauk frameftir á vélsleða, því ég vissi að ég yrði fljótari þannig en á bíl, sökum færðarinnar.

Er að Tjörnum var komið blasti við ófögur sjón. Fjós og mjólkurhús voru alelda og einnig gömul torfhús sem stóðu sunnan við fjósið, en þannig hátt- aði til að hlaðan var í miðju, fjósið austan við hana og nýleg fjárhús vestan við sem í voru á þriðja hundrað fjár. Þegar ég kem frameftir var kominn mannskapur frá Torfufelli og Villingadal og




Ingvar P. Ingólfsson.

verið að reyna að koma fénu út. Það mátti ekki tæpara standa því húsin voru nánast full af reyk. Aðeins var um 50-60 cm. bíl niðri við grindur sem við skriðum eftir til að athuga hvort kindur væru eftir innst í krónum. Þarna voru þessi grey rekin út í um 16 stiga frost og skafrenning, sem var í raun það eina sem hægt var að gera til að bjarga þeim. Einhverjir fóru að huga að gripum í fjósi líka og náðist að bjarga þar nokkrum litlum kálfum, en 8 eða 9 gripir voru dauðir.

Bóndinn hafði hætt mjólkurframleiðslu um sumarið og því voru fáir nautgripir eftir í fjósi. Um þetta leyti var

líka farið að huga að vatni fyrir slökkvibílinn og vissu kunnugir af „auga“ í skurði skammt frá.

Enn var að drífa að mannskap frá flestum bæjum í framfirðnum til aðstoðar. Lokins kom slökkvibíllinn og drifu menn allt í gang til að reyna að verja að fjárhúsin brynnu líka. Um fjósið þurfti ekki að hugsa, það var fallið og mikill eldur kominn í hey í hlöðunni sem var ekki gott að ráða við að slökkva í. Skúli Lórenzson var einn af þremur mönnum sem komu á slökkvibílnum og fannst honum minnisstæðast hvað aðstæður á vettvangi voru erfiðar, það var mikið frost og einnig mikið tjón, en einnig



Aðeins útveggir fjósanna voru uppstandandi eftir að tekist hafði að ráða niðurlögum eldsins.



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár!*



dugnaður og harðfylgi heimamanna og sveitunga við aðstoðina.

Með miklu harðfylgi tókst að verja fjárhúsin að mestu, aðeins skemmdist lítils háttar loft sem tengdist við hlöðuna. Er líða fór á nóttina tókst smám saman að minnka eldinn og eftir stóð gríðarleg vinna við að slökkva í glæðum gömlu torfhúsanna og í heyi í hlöðunni. Var gripið til þess ráðs að fá einn félagar úr Dalbjörg til að ná í jarðýtu til að ýta gömlu torfhúsunum niður og eins að ýta burtu logandi heyrusli sem var farið að moka út úr hlöðunni. Það var gríðarleg vinna sem stóð alla nóttina og langt fram á næsta dag, því alltaf blossaði upp eldur í heyinum þegar súrefni komst að. Búið var að hringja í alla félagar Dalbjargar og giska ég á að þarna hafi unnið á milli 45 og 55 manns í heildina alla nóttina og daginn eftir. Vaktskipti voru hjá slökkviliðsmönnum undir morgun og sagði Skjöldur Tómasson mér að hann myndi líka helst eftir frostinu og hvað þetta var í raun miklu meira tjón en nokkur gerði sér grein fyrir. Enda orð að sönnu, því ef maður stóð með slönguna til að sprauta á móti norðanáttinni fraus maður fastur við hana.

Ekki má gleyma að minnast á þær



Heila húsið er hlaðan á Tjörnum. Við hliðina eru fjósin tvö sem brunnu, eins og sjá má, og hinum megin við hlöðuna má greina fjárhús, þaðan sem tókst að bjarga 260 kindum.

konur af nágrannabæjunum sem höfðu til mat og kaffi handa þeim sem voru við vinnu á staðnum. Ég sé það í gamalli dagbók að ég hef komið heim í fjós á jóladagsmorgun og farið svo fram á Tjarnir aftur og ekki komið heim fyrr en í fjósverkin á jóladagskvöld.

Til gamans má geta að sagan segir að skyrtan sem Sigurður bóndi í Torfufelli var í á aðfangadagskvöld hafi aldrei fundist meir, slíkur var hamagangur við fataskiptin um kvöldið til að komast í Tjarnir. En eftir stendur minning um atburð á jólanótt sem aldrei gleymist.

Einnig má geta þess að ekki liðu nema tveir mánuðir þangað til næsti stórbruni var í framfirðinum þegar nýlegt íbúðarhús í Hólakoti brann í febrúar árið 1988 og svo fjós og hlaða í Gullbrekku í ágúst 1991. Hafa þessir brunar sennilega orðið til þess að sett var á fót hjálparlið í sveitinni. Að lokum vil ég þakka þeim heimildarmönnum mínum aðstoðina við skrifin; Skildi Tómassyni, Skúla Lórenszyini, Ármanni Skjaldarsyni og Rósu Hreinsdóttur.

Ég óska þér lesandi góður, árs og friðar.
Ingvar P. Ingólfsson.

*Óskum viðskiptavinum okkar
farsæls komandi árs
með þakklæti fyrir það
sem er að líða*

Farðsbúið ehf. **gk** verktafar

Éyjafjardmsveit



FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



Afgreiðslutími:

28. desember kl. 13-22

29-30. desember kl. 10-22

31. desember kl. 9-16

6. janúar (þrettándinn) kl. 12-16

Flugeldasími: **867 8586**





Hjálparsveitin
DALBJÖRG

Molar úr starfinu



Stóra Dalbjargarferðin.

Viðburðir

Samæfing sveita á svæði 11 var haldin á Dalvík laugardaginn 18. febrúar. Þangað fóru um 10 félagar frá Dalbjörg á báðum jeppum sveitarinnar auk sleðanna

og leystu hin ýmsu verkefni í fyrstu hjálp, leit og fleiru.

Stóra Dalbjargarferðin var farin 23.-25. mars. Alls fóru 18 manns í ferðina á þremur jeppum, snjóbílnum í nýjum

búningi og á 6 sleðum. Farið var upp Vatnahjallann og gisti í Berglandi báðar næturnar. Haldið var heim á sunnudeginum um Urðarvötn og allir voru ánægðir með ferðina.

Þann 6. apríl var hin árlega Páskanga frá Bangsabúð, en eins og venjulega var farinn um 20 km. hringur og félagar Dalbjargar keyrðu hringinn með vatn handa þyrstum göngu- og hjóla mönnum.

Við sáum um kassaklifur í Kvennahlaupinu við Hrafnagilsskóla þann 16. júní. Það gekk mjög vel að venju og prófuðu margir að klifra.

Þann 28. júlí var fjölskyldudagur Dalbjargar haldinn í Grundarreitnum. Farið var í ratleik og grillað í frábæru veðri og voru allir ánægðir með daginn.



Pétur aðstoðar lamb.



Góður hópur við Bangsa.



Kælismiðjan Frost ehf.

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölnisgötu 4b
603 Akureyri
Sími 464 9400
Fax 464 9401
frost@frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.
Lyngás 20
210 Garðabæ
Sími 464 9400
Fax 464 9402
www.frost.is

Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kæliiðnaði:

Frysti og kæligeymslur

Stálgrindarhús
Veggeiningar
Hurðir
Frysti og kælikerfi

Minni frysti og kæliklefar

Staðlaðir klefar frá 0,8 m2
eða eftir máli.
Sambyggð eða sjálfstæð frystikerfi

Verslanir

Kæli og frystimublur
Viðhalds og rekstrarþjónusta
Vaktþjónusta 24/7

Heilfrysting

Uppsjávar- eða bolfiskur
Sjálfvirkir plötufrystar, lóðréttir og láréttir
Frystikerfi

Einangrun

Lagna, kúta
Lesta og annarra rýma í skipum

Ráðgjöf og þjónusta

Hönnun
Bilanagreining og rekstrarráðgjöf
Kælimiðlar

Í lok október var haldin vélsleðasýning á vegum Eyllífs og voru nýjir sleðar Dalbjargar þar til sýnis, Arctic Cat ProClimb XF 800 Sno Pro High Country Limited. Þeir tóku sig auðvitað vel út.

Í lok október var haldin samæfing sveita á svæði 11 af Dalbjargarmönnum og lukkaðist hún mjög vel.

Þann 8. desember voru litlu-jól Dalbjargar haldin í Funaborg. Matur og skemmtun var glæsileg, enda vel til vandað hjá nefndinni.

Handverkshátíðin við Hrafnagilsskóla

Handverkshátíðin við Hrafnagilsskóla var haldin 10.-13. ágúst og líkt og í fyrra voru það félögin í sveitinni sem tóku sig saman til að vinna við hátíðina. Dalbjargarmenn unnu að uppsetningu tjalda og sýningarkerfis, voru með sjúkragæslu auk gæslu á bílastæði á meðan á sýningu stóð og tóku svo allt niður að lokinni sýningu. Þetta gekk allt mjög vel og eiga þeir félagar sem tóku þátt hrós skilið fyrir frammistöðuna.

Námskeið

Snjóflóð 1 og 2, 27.-29. janúar. Meðal annarra var Kristján Hermann Tryggvason Dalbjargarfélagi leiðbeinandi á námskeiðinu og 5 félagar tóku þátt.

Björgunarmaður í aðgerðum var haldið í febrúar, en þá var notast við fjarnámsfyrirkomulag S.L. og komu nokkrir félagar saman í Félagsborg til að hlusta á fyrirlesturinn.

Námskeið í fyrstu hjálp 2 var haldið í Hrafnagilsskóla 12.-15. nóvember. Það voru 11 manns sem sóttu námskeiðið og leiðbeinandi var Anna Sigrún.

Bifreiðastjóranámskeið var haldið á Dalvík þann 24. nóvember og voru tveir félagar sem sóttu það.



Snjóflóðaleitarnámskeið.

Slysavarnir

Þriðjudaginn 2. október fóru Guðlaug og Bjarney með endurskinsmerki og bókamerki merkt Slysavarnafélaginu Landsbjörg og færðu börnum í Hrafnagilsskóla og Leikskólanum Krummakoti að gjöf. Krakkarnir voru að vonum ánægð með heimsóknina.

Að venju var farin reykskynjarayfirferð um sveitina og Neyðarkallinn seldur í leiðinni. Áætlunin breyttist aðeins sökum þess að vonskuveður var fyrstu helgina í nóvember, þá helgi sem ætlunin var að fara af stað, en í stað þess var farið vikuna á eftir og eins og alltaf tóku sveitungar vel á móti okkur.

Sjö félagar Dalbjargar tóku þátt í hinni árlegu hálendisvakt Slysavarnafélagsins Landsbjörg og dvöldu norðan Vatnajökuls dagana 20.-27. júlí. Þar sinntu þeir ýmsum verkefnum og aðstoðarbeiðnum.

Fundir og fleira

Almennir fundir voru 11 á árinu. Aðalfundur var haldinn þann 19. apríl í Sólgarði. Núverandi stjórn skipa: Haraldur Þór Óskarsson, formaður, Stefán Magnús Jónsson, varaformaður, Jóhannes Jakobsson, gjaldkeri, Sunna Axelsdóttir, ritari og Pétur Róbert Tryggvason, meðstjórnandi.

Fulltrúaráðsfundur S.L. var haldinn þann 20. nóvember og sóttu tveir stjórnarmenn fundinn.

Svæðisstjórn fundaði reglulega á árinu, en í henni sitja tveir félagar Dalbjargar.

Auk funda voru haldin mörg vinnukvöld, bæði í húsi og einnig til viðhalds á tækjum og bílum sveitarinnar.


Sleða- og jeppaflokkur fóru í nokkrar æfingaferðir á árinu og Hjálparliðið fundaði og var með æfingar með slökkviliðinu samkvæmt venju.

Unglingadeildin fundaði reglulega og var með ýmsa viðburði frá janúar og fram á vor og fer starfið aftur af stað eftir áramótin.

Ráðstefnan Björgun var haldin 19.-21. október á Grand Hótel í Reykjavík, en þangað fóru tveir félagar Dalbjargar.

Fjáraflanir

Fjáraflanir á árinu voru svipaðar og verið hefur. Flugeldasalan var á sínum stað fyrir áramótin og gekk vel. Við sinntum gæsluverkefnum á þorablóti, kabarett og á tjaldstæðinu við Hrafnagilsskóla á Bíladögum og um verslunarmannahelgina. Í júní var farið í árlega girðingavinnu og sem fyrr er dósagámurinn okkar staðsettur á tjaldstæðinu við Hrafnagilsskóla.



Hlynur Þórsson.



Stundum þarf að draga bílana...

Tækjamál



Bangsi í undirbúningi.



Bangsi orðinn glæsilegur!

Margt hefur gerst í tækjamálum hjá Dalbjörg í ár og verður hér tiplað á helstu þáttum.

Snjóbillinn okkar fékk yfirhalningu á

árinu, rafkerfið var lagað, smíðaðir nýjir olíutankar, toppgrind og stigar. Ný ljós voru sett á hann og síðast en ekki síst var billinn sprautaður rauður og merktur

upp á nýtt. Nú stendur yfir viðhald á honum vegna tjóns sem varð við útkall á Þeistareykjum í haust en hann verður von bráðar klár í slaginn á ný.

Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár



Óðinsnes 2
Sími 460 4800



Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár

Deloitte.

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár

Daglegt brauð



**Parketslípun
og lagning**

**Nýsmíði
og viðhald**



ÁK SMÍÐI

Sími 897 6036

Ný hópslysakerra

Hjálparsveitin Dalbjörg fékk styrk frá Isavia til kaupa og smíði á nýrri hópslysakerru fyrir björgunarsveitina og var Agnar í Bílagerði á Hvammstanga fenginn í það verkefni eftir að félagar höfðu velt vöngum yfir því hvernig kerran ætti að vera og loks teiknað hana upp. Kerran kom til okkar nú í nóvember og verður mikil breyting fyrir okkur að geta nýtt slíkt tæki í hinum ýmsu verkefnum og útköllum.



Nýja hópslysakerran okkar.



Halli og Kristján ánægðir með nýja sleða.

Nýjir Vélsleðar

Nú í desember voru keyptir nýjir vélsleðar, af gerðinni Arctic Cat ProClimb XF 800 Sno Pro High Country Limited. Þeir hafa verið í höndum sleðadeildar sem er að gera þá útkallshæfa og búa þá þeim búnaði sem nauðsynlegur er til björgunarstarfa.

Á sleðana voru einnig keypt ný GPS tæki svo þeir verða vel tækjum búnir þegar til kastanna kemur.



Verið að setja GPS-tæki í nýja sleðann.



Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla

TAK
INNRETTINGAR

SS BYGGIR EHF - Njarðarnes 14 - 603 Akureyri - Símar 460 6100 - ss@ssbyggir.is - www.ssbyggir.is






*Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt nýtt ár*



**VERSLUNIN
Brynja**
Aðalstræti 3
Akureyri

*Bestu óskir um **gledileg jól**
og farsælt nýtt ár*



BÚTUR
PIPULAGNINGAÞJÓNUSTA
AKUREYRI
Njarðarnes 9 - 603 Akureyri
Sími 412-0400 - Fax 412-0401

*Bestu óskir um **gledileg jól**
og farsælt nýtt ár*



SAMHERJI HF

Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



Óskum starfsmönnum okkar og viðskiptavinum
gledilegra jóla og farsældar á nýju ári

Allar vörur til ræstinga, áhöld, hreinsiefni, pappír og plast



Frostagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892-5232 / 865-8114 /
865-2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
email thrif@thrif.is / www.thrif.is

Nýr samningur



Jónas sveitarstjóri og Haraldur formaður Dalbjargar við undirritun samningsins.

Nú á dögnum undirrituðu Haraldur Þór Óskarsson formaður Dalbjargar og Jónas Vigfússon sveitarstjóri Eyjafjarðar-sveitar samstarfssamning á milli hjálpar-sveitarinnar og sveitarfélagsins.

Í samningnum felst að sveitarfélagið greiðir hjálparsevitinni ákveðna upphæð

á ári til að tryggja rekstur hennar. Á móti skuldbindur hjálparsevitin sig til að sinna öflugum björgunarhlutverki, unglingastarfi auk ákveðinna verkefna fyrir sveitarfélagið. Samningurinn markar tímamót fyrir okkur og felst í honum mikil viðurkenning á starfi sveitarinnar.



Félagar að njóta veðurblíðunnar í hálendisgæslu í sumar.



Alltaf glæsilegir.



Félagar í hálendisgæslu.



Málum bjargað í hálendisgæslunni í sumar...



Hjálparliðið á æfingu.

ÞÚ VELUR FJÁRHÆÐINA

– ÞIGGJANDINN VELUR GJÖFINA

Finnur þú ekki réttu gjöfina? Gjafakort Arion banka er hægt að nota við kaup á vöru og þjónustu hvar sem er. Einfaldara getur það ekki verið.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum Arion banka



Samæfing sveita á svæði 11

Laugardaginn 27. október stóð Hjálparsveitin Dalbjörg fyrir samæfingu sveita á svæði 11. Æfingin var gerð út frá Hrafnagili og var svæðisstjórnin á svæði 11 fengin til að taka þátt með okkur og stjórna æfingunni. Alls voru það yfir 30 manns í sex hópum frá flestum sveitum á svæði 11 sem tóku þátt í æfingunni sjálfri, auk umsjónarmanna verkefna, sjúklinga og allra þeirra sem lögðu hönd á plóginn frá Dalbjörg. Heildarfjöldinn var því yfir 50 manns.

Æfingin hófst kl. 16 og var byggð þannig upp að hópar frá mismunandi sveitum þurftu að vinna saman að lausn þeirra verkefna sem sett voru upp. Verkefni voru mjög fjölbreytt, en í þeim reyndi á kunnáttu í fyrstu hjálp, fjallabjörgun, straumvatnsbjörgun og síðast en ekki síst á hópstjórn og samvinnu þeirra aðila sem komu að verkefnunum auk þess sem reyndi á fjarskiptin og samskipti við svæðisstjórnina. Hóparnir leystu sín verkefni vel af hendi og í heild gekk æfingin mjög vel fyrir sig.

Að lokinni æfingu var haldinn rýnifundur í matsal Hrafnagilsskóla auk þess sem heit kjötsúpa var í boði fyrir þreytta en ánægða björgunarsveitarmenn.

Ég vil þakka öllum þeim sem mættu fyrir þátttökuna og okkar félögum þakka ég kærlega fyrir að leggja hönd á plóginn.

Sunna Axelsdóttir



Félagar Dalbjargar og Súlna.



Unnið að björgun úr bílveltu.



„Fjallabjörgunarverkefni...”



Litið yfir matsalinn að lokinni æfingu.

DALBJÖRG PAKKAR VEITTAN STUÐNING

Plastás ehf
Einangrunarplast

Óseyri 4 - Sími 462 7799

BÍLVIRKNI ehf.
Goðanesi 8-10

VÍS

Landflutningar
SAMSKIP

BR BLIKKRÁS EHF



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár



G Gröfur
Óseyri 2 • 603 Akureyri
Sími 462 5700 • Fax 462 5701



*Gleðileg jól
og farsælt nýtt ár.
Þökkum frábærar móttökur
á fyrsta starfsárinu.*



Silva hráfæði ehf
Syðra Laugalandi efra
Eyjafjarðarsveit



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



HÚSASMÍÐJAN
Lónsbakka • Sími 460 3500 • husa.is

Gleðilegt ár!



Bestu
óskir um
gleðilegt
og orkuríkt
nýtt ár!

 **RARIK**

Björgunarsveitin Týr, Svalbarðseyri

Viðburðir á árinu

Á árinu var farið í nokkrar ferðir, til dæmis upp á Kerhólsöxl ásamt Súlum í janúar. Þar fengu menn að spreyta sig á því að keyra í slæmu skyggni og vondu færi.

Björgunarsveitin Týr tók þátt í tveimur samæfingum á svæði 11 á árinu. Annars vegar var haldin æfing á Dalvík í febrúar þar sem við vorum í hóp með Dalbjargarmönnum og félögum í Björgunarsveitinni Ægi, Grenivík. Sú æfing tókst með eindæmum vel og eiga Dalvíkingar hrós skilið fyrir frábæra æfingu. Hin samæfingin var haldin í lok október af Hjálpar-sveitinni Dalbjörg. Æfingin var haldin við Hrafnagilsskóla og þar í kring. Upp úr æfingunni skárum við brotið framdrif og gegnblautan bíl sem þurfti að þurrka. Þessi æfing tókst engu að síður mjög vel og eiga Dalbjargarmenn heiður skilinn.

Í apríl var farin píslarganga á föstudaginn langa og fylgdum við gönguhópnum frá Svalbarðskirkju og út í Laufás.

Sveitin á því láni að fagna að innan hennar eru tveir leitarhundar sem báðir hafa á árinu náð B réttindum og eru því komnir á útkallslista hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Aðalsteinn hefur þjálfað hundinn sinn, Ellý, til leitar á víðavangi og Arnar hefur þjálfað sinn hund, Skottu, til leitar í snjóflóðum. Þeir félagar sóttu fjölmörg námskeið á árinu í sambandi við þessa hunda og eru enn með þá í þjálfun. Við vonumst því til að eiga hunda með A réttindi á næsta ári. Þetta er mikill styrkur fyrir sveitina en fyrir utan þessa hunda er einn snjóflóðaleitarhundur á Húsavík og þrír hundar á Ólafsfirði, búnir til snjóflóða og víðavangisleitar.

Sala á neyðarkalli gekk mjög vel og var gerð í vondu veðri og þurftu björgunarsveitarmenn að draga og losa bíla líka í söluherferðini

Útköll

Útköll hjá okkur voru alls níu talsins á árinu og það fyrsta kom fljótlega eftir áramótin, eða 13. janúar. Það stærsta var í september, en það var sjö daga leit að kindum sem félagar tóku þátt í, á Þeistareykjum, í Mývatnssveit, Gæsdal og víðar. Sveitin fékk lánaða sleða hjá Hinriki Mána og Stefáni Þengilssyni til að sinna útkallinu og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Flugeldasalan verður í Valsárskóla

28.-30. desember kl. 15-22

og 31. desember kl. 11-16.

Áramótabrenna og flugeldasýning verður

á gamlárskvöld kl. 20 við Vitann.



Týr og Súlu í æfingarferð um Kerhólsöxl.



Mikið mæddi á björgunarsveitinni á haustmánuðum.



Týr og Dalbjörg á sameiginlegri æfingu á Víkurskarði.



Óskum viðskiptavinum okkar

glöðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Jólakeðjur.

Starfsfólk Bakarísins við Brúna



BAKARÍÐ VIÐ BRÚNA

Opið virka daga frá kl. 7–18 · Um helgar kl. 7–16

Hvert sem þú ferð þá skiptir máli að vera vel búinn!

Komdu í heimsókn í Fjallakofann og við hjálpum þér að velja réttu græjurnar



*Með fjallakvefju
Starfsfólks Fjallakofans*

Marmot

ARCTERYX

SCARPA

Smartwool

PEVA

Black Diamond

SILVA

SEA TO SUMMIT

JETBOIL

Julbo

Við vinnum náið með leiðsögumönnum m.a.



afgreiðslutíma má sjá á heimasíðu okkar

Krínglan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64

S: 510 9505 | fjallakofinn.is



**FJALLA
KOFINN**

Förum ótroðnar slóðir

CAR-X

Óskum þyfirðingum
og nærsveitamönnum
gleðilegra jóla og ánægjulegra
áramóta
Þökkum viðskiptin á liðnu ári